

52

26. sept.

Útflutningur á sildarmjöli úr landinu er bannaður nema leyfi landbúnaðar-
ráðherra komi til.

1. gr.

2. gr.

Brot gegn 1. gr. varða allt að 10.000 kr. sektum nema þyngri refsing liggi
við að lögum. Mál útaf nefndum brotum skulu sæta meðferð almennra lögreglu-
mála.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 26. september 1934.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

53

8. okt.

AUGLÝSING

um breytingu á reglugerð fyrir Háskóla Íslands.

Samkvæmt þegnlegum tillögum ráðuneytisins hefir Hans hátign konung-
inum allramildilegast þóknast að staðfesta eftirfarandi

Breyting á reglugerð fyrir Háskóla Íslands, nr. 8 frá 9. október 1912.

Á eftir 18. gr. reglugerðarinnar komi ný grein, sem verði þá 19. gr., og
hljóði hún þannig:

„Læknisskoðun skal fara fram á hverjum stúdent, sem æskir skrásetningar,
og verður sú skoðun framkvæmd, stúdentum að kostnaðarlausu, af þeim lækni,
er háskólaráðið ræður til þess. Skylt er hverjum stúdent að láta skoða sig með
sama hætti í byrjun 3. námsárs.“

Þetta tilkynnist hérmeð öllum þeim, er hlut eiga að máli, til leiðbeiningar.

Í kennslumálaráðuneytinu, 8. október 1934.

Haraldur Guðmundsson.

Gissur Bergsteinsson.